

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Samráðsgátt, mál nr. 244/2022

Reykjavík, 20. desember 2022

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða(LL) um drög að reglugerð um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð


Í samráðsgátt stjórnvalda hafa verið birt til umsagnar drög að reglugerð um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Reglugerðin tekur mið af breytingum á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð samkvæmt breytingalögum nr. 55/2000 sem taka gildi 1. janúar n.k.

Almenn ábending er varðar hugtakanotkun

Með lögum um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs (lágmarkstryggingavernd, tilgreind séreign o.fl.) nr. 55/2022 eru gerðar umtalsverðar breytingar á lífeyrisslökkjöfnum. Breytingarnar fela einkum í sér hækkun á lágmarksiðgjaldi auk ýmissa breytinga er viðkoma séreignarsparnaði og áhrifum hans á greiðslur almannatrygginga.

Í ákvæðum laga og reglugerða er vísa til ákveðinna tegunda séreignarsparnaðar er hugtakanotkun ekki á einn veg. Má þar tiltaka að í lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð nr. 111/2016 og reglugerðinni er talað um rétthafa séreignarsparnaðar og úttekt á séreignarsparnaði sem myndast vegna sama viðbótariðgjalds og skilgreint hefur verið að myndi viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt skilgreiningu laga um almannatryggingar.

Að gefnu tilefni þykir rétt að koma þeirri almennu ábendingu á framfæri að það yrði til mikilla bóta ef hugtakanotkun vegna séreignarsparnaðar yrði einfölduð, samræmd og skýrð.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri